

Stjórnarfundur no 1, 2012/2013

Fimmtudaginn 23. febrúar 2012 kom nýkjörin stjórn félagsins saman til fyrsta fundar í fundarsal félaganna á 3ju hæð Alþýðuhússins. Fundurinn hófst hann kl. 16.00. Undirritaðir sátu fundinn og Hildur Tryggvadóttir í síma.

Þetta gerðist.

Úlfhildur formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Verkaskipting stjórnar

Varaformaður	Einar Hjartarson
Gjaldkeri	Hildur Tryggvadóttir
Ritari	Anna María Elíasdóttir
Meðstjórnandi	Eiður Stefánsson

Jafnframt var samþykkt að alla jafna skuli varamenn boðaðir á stjórnarfundum.

2. Bréf frá endurskoðendum PWC

Kynnt voru tvö bréf dagsett 17. febrúar 2012, annars vegar staðfestingarbréf og hins vegar endurskoðunarbréf vegna ársins 2011.

3. Bréf frá Kanon arkitektar ehf dags. 17.02.12

Sama innihald og í bréfi þeirra til félagsins bókað á stjórnarfundum 9. janúar s.l. líður 3. Samþykkt sama afgreiðsla og þá.

4. Erindi frá Hollvinum Húna II

Í bréfinu er farið fram á styrk vegna kostnaðar við árlega skoðun bátsins. Stjórnin sér sér ekki fært að verða við erindinu.

5. Aðaldundur Orlofsbyggðarinnar Illugastaðir

verður haldinn á Illugastöðum 11. maí 2012 kl. 14.00
Samþykkt að Einar Hjartarson og Eiður Stefánsson sitji fundinn.

6. Fundur húsfélags Alþýðuhússins 9. mars n.k.

Samþykkt að Eiður Stefánsson sitji þann fund.

7. Greiðslur fyrir fundarsetu.

Samþykkt að greiða öllum fulltrúum samkvæmt Akureyrarbæ v/fundarsetu.

8. Skógarsel

Samþykkt að kanna kostnað við að mála Skógarsel að innan og athuga einnig með viðinn utandyra. Eiður athugar verð.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Sign: Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, Einar Hjartarson, Eiður Stefánsson, Anna María Elíasdóttir.
Hildur Tryggvadóttir í síma.